

# Jökla – áhrif vegna virkjunar

Sveinn Kári Valdimarsson

## Lagarfljót

- Farið var yfir áhrif virkjunar á Lagarfljót á síðasta sjálfbærnifundi
- Virkjun hefur haft mikil áhrif á Lagarfljót líkt og gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum
- Jökuláhrif eru meiri og hefur því dregið úr rýni eða gegnsæi vatnsins og þar með frumframleiðni þess
- Mælingar í Lagarfljóti eru gerðar annað hvert ár – voru ekki gerðar á síðasta ári en verða gerðar nú í ár

## Jökulsá á Dal - Jökla

- Mat á umhverfisáhrifum fyrir virkjun við Kárahnjúka gerði einnig ráð fyrir miklum áhrifum á Jökulsá á Dal
- Búist var við að lífsskilyrði í Jöklu neðan lónsins myndu verða þannig að laxfiskar gætu þrífist þar
- Hinsvegar var búist við vandkvæðum við veiðinýtingu síðari hluta sumars eftir að yfirfallsvatn fer að renna um farveginn
- Talið hefur verið að yfirfallsvatn sé stór áhrifaþáttur sem setji lífverum skorður

## Jökulsá á Dal - Jökla

- Mikilvægt að þekkja áhrif yfirfalls á lífríki
- Slík þekking mun nýtast við mat á áhrifum sambærilegra framkvæmda og auðveldað að spá fyrir um hvers megi vænta varðandi lífríki Jöklu í framtíðinni
- Slíkar rannsóknir nýtast einnig framkvæmdaaðilum og hagsmunaaðilum sem koma til með að búa við breytt ástand til frambúðar
- Fram hafa komið ýmsar væntingar varðandi mögulega til nýtingar veiðihlunninda í Jöklu og því mikilvægt að fyrir liggi sem best þekking á lífríkinu og framvindu þess

## Jökulsá á Dal - Jökla

- Landsvirkjun í samvinnu við Veiðifélag Jökulsár á Dal hefur fengið Veiðimálastofnun til að rannsaka og vakta Jöklu og hliðarár hennar
- Megin markmið:
  - Hvernig er landnámi og framvindu fiskstofna háttað við breytt eðli og aðstæður í Jöklu?
  - Hver eru áhrif yfirfalls á framleiðslu og þéttleika seiða. – Eru tengsl milli yfirfalls og ástands seiða. - Eru líkur til að yfirfall valdi beinum afföllum á seiðum?
  - Hverjir eru möguleikar Jöklu til sjálfbærrar framleiðslu fiskstofna?
  - Hverjir eru möguleikar á sjálfbærri nýtingu á veiði í Jöklu?
  - Hver er munur á lífsskilyrðum fiska og viðgangi milli svæða innan Jöklu m.t.t. hæðar yfir sjó og hliðarám utan áhrifa frá yfirfalli

## Jökulsá á Dal - Jökla


Helstu mælingar og  
niðurstöður

- Rafleiðni (gróft mat á styrk næringarefna í vatni)
  - Er almennt há og gefur tilefni til að ætla að lífræn framleiðsla verði það mikil að áin nái að fósra fisk
  - Hefur hækkað eftir að virkjun hóf rekstur
  - Mældist hæst ofan við Brú á Jökuldal en lækkar eftir því sem neðar dró
  - Er að jafnaði hærri í Jöklu sjálfri en hliðarám
  - Jökla sjálf er því líkleg til að hafa betri lífsskilyrði fyrir laxa en hliðarárnar

## Jökulsá á Dal - Jökla

Vatnasvæði Jöklu


Sýnatökustaðir sýndir með örvum



## Jökulsá á Dal - Jökla

Vatnasvæði Jöklu

Rautt eru sýnatökustaðir  
sem ekki gáfu seiði






## Jökulsá á Dal - Jökla

Vatnasvæði Jöklu

Rautt eru fundarstaðir  
náttúrulegra laxaseiða

Náttúruleg laxaseiði  
fundust fyrst og fremst  
neðarlega í ánni



## Jökulsá á Dal - Jökla

Samantekt

- Lax virðist þrífast ágætlega í Jöklu
- Landnám lax virðist ganga vel en flýtt hefur verið fyrir því með sleppingum seiða
- Gera má ráð fyrir að það taki 5-7 ár frá því að lax hrygni þar til afkvæmi skili sér tilbaka úr sjó
- Seiði virðast lifa yfirfall af og eru seiði úr Jöklu að jafnaði stærri en seiði úr hliðarám
- Mikilvægt að halda áfram að fylgjast með, tímasetningar og tímalengd yfirfalls getur verið breytilegt og haft önnur áhrif en það sem við þekkjum í dag – þurfum meiri reynslu